

Halldór Jón Gíslason umsögn

Til : Sigurdís Sveinbjörnsdóttir <sigurdis@nordurthing.is>
Frá : Gaukur Hjartarson <gaukur@nordurthing.is>
Heiti : Halldór Jón Gíslason umsögn
Málsnúmer : 202205037
Málsaðili : Norðurþing
Skráð dags : 13.01.2023 00:00:00
Höfundur : Halldór Jón Gíslason

-----Original Message-----

From: Norðurþing
Sent: föstudagur, 13. janúar 2023 12:57
To: Gaukur Hjartarson
Subject: FW: Athugasemdir vegna fyrirhugaðrar breytingar á deiliskipulagi á Norðurgarði 7 og 9.

Með kveðju,
Hermína Hreiðarsdóttir,
Stjórnsýslufulltrúi
Stjórnsýsluhúsi Norðurþings
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík
Sími: 464 6171

Um ábyrgð á tölvupósti/email disclaimer

-----Original Message-----

From: Halldór Jón Gíslason
Sent: föstudagur, 13. janúar 2023 12:32
To: Norðurþing
Subject: Athugasemdir vegna fyrirhugaðrar breytingar á deiliskipulagi á Norðurgarði 7 og 9.

Undirritaður er íbúi í Laugarbrekku á Húsavík.

Undirrituðum langar að koma á framfæri áhyggjum sínum vegna fyrirhugaðra breytinga á deiliskipulagi Norðurgarðs 7 og 9. Fyrirhuguð deiliskipulagsbreyting heimilar allt að því 11 metra hátt húsnæði(mænishæð) til úrvinnslu sjávarfangs og flutningastarfsemi. Einnig er heimild í breyttu deiliskipulagi fyrir háum skorsteinum umfram 11 metra hæð. Undirritaður telur, vegna staðsetningar fyrirhugaðs húsnæðis, að það þurfi að huga verulega vel að ásýnd hafnarsvæðisins og þá sérstaklega fyrir íbúa Laugarbrekku, Höfðabrekku og Garðarsbrautar, þar sem húsnæði sem þetta, í slíku návígi við íbúðabyggð, getur haft neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Ásýnd svæðisins er mjög mikilvægt þeim iðnaði sem nú þegar er starfræktur við höfnina. Hingað koma hundruðir þúsunda ferðamanna á ári hverju til þess að kynna sér auðlindir svæðisins og ásýnd bæjarins og þá sérstaklega hafnarsvæðisins sem er mikilvægur hlekkur í því aðdráttarafli sem Húsavík er fyrir ferðamenn.

Undirritaður telur einnig að staðsetning verksmiðju í slíku návígi við íbúabyggð, sem samkvæmt upplýsingum sem komu fram á kynningarfundum Íslandsþara kemur til með að hýsa hættuleg efni sem í vissum aðstæðum geta verið hættuleg íbúum svæðisins sem búsettir eru í nánd við verksmiðjuna sé mjög varhugaverð. Auk þess sem mengun og lykt geta verið íbúum sem búa í nágrenni verksmiðjunnar til óþæginda.

Undirritaður hefur einnig áhyggjur af þeim kostnaði sem það mun hafa í för með sér fyrir sveitafélagið og innviði þess að reisa verksmiðju sem þessa á þessum skipulagsreit, þegar rekstur fyrirtækisins byggir á takmörkuðu rannsóknarleyfi og nýtingarleyfi stórþara liggur ekki fyrir í þeim mæli sem fyrirtækið hyggst byggja starfsemi sína á. Þetta yrði því einhverskonar

áhættufjárfesting að hálfu sveitafélagsins.

Undirritaður hefur þó mestar áhyggjur af áhrifum stórþaratekju á vistkerfi Skjálfandaflóa og nágrenni hans. Eins og fram kom á kynningarfundum Íslandsþara liggja ekki fyrir haldbærar rannsóknir á nýtingu stórþara fyrir vistkerfi sjávar og þá sérstaklega við Íslandsstrendur. Ekki hefur verið hugað að því hvernig ákvarða á nýtingu á stórþaraskógum innan ákveðinna svæða og því algjörlega óljóst hvaða áhrif stórþaratekja hefur á vistkerfi Skjálfandaflóa og þá innviði svæðisins sem treysta á nýtingu þeirra hvort sem það er í formi veiða eða ferðamennsku.

Undirritaður telur því deiliskipulagsbreytingu sem þessa, sem gerð er að óskum fyrirtækis, undir þeirra starfsemi, þurfi að skoða út frá þeirri starfsemi sem þar á að byggja upp. Eins og staðan er núna, vegna þess hve lítið við vitum um áhrif stórþaratekju og þeim áhrifum sem hún mun hafa á umhverfið okkar eigi ekki að fara í þessa breytingu að svo stöddu.

Kveðja

Halldór Jón Gíslason kt.090487-3969,

íbúi í Laugarbrekku, Húsavík.